

Nd.

506. Tillaga

til þingsályktunar um löggildingu mælitækja og vogaráhalda.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Bjarni Jónsson frá Vogu.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ráða í þjónustu sína fyrst um sinn einn eða tvo menn, til þess að aðstoða lögreglustjóra við löggildingu mælitækja og vogaráhalda, er þeir hafa á hendi samkvæmt lögum nr. 12, 1924.

Jafnframt skorar Alþingi á stjórnina að leggja fyrir lögreglustjórana að haga löggildingunni þannig, að sem minst þurfi að kaupa af nýjum áhöldum, heldur nota þau, er á sínum tíma voru keypt handa löggildingarstofunni.

Greinargerð.

Hjer er farið fram á það, að heimila ríkisstjórninni að ráða einn eða tvo menn í þjónustu sína, til þess að aðstoða lögreglustjórana við eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum og við löggildinguna. Mundi eftirlitið og löggildingin á þann hátt verða miklu betra og tryggara.

Við borð liggur, að kaupa þurfi handa lögreglustjórunum áhöld til löggildingarinnar. En löggildingarstofan átti fullkomin áhöld til þessa, og mundi að miklu leyti vera hægt að komast af með þau, ef það, sem tillagan fer fram á, kæmist í framkvæmd.